

Ed. **785. Breytingartillögur** [81. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Síðari mgr. 13. gr. hljóði svo:
Forstjóri ræður deildarstjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Einnig ræður hann annað starfslið stofnunarinnar. Forstjóri og annar aðstoðarforstjórinn skulu hafa lokið háskólaprófi og vera sérfróðir um hafrannsóknir. Hinn aðstoðarforstjórinn skal hafa háskólamenntun eða aðra sambærilega menntun og vera sérfróður á sviði stjórnunar og rekstrar.
2. Við 1. gr. Síðasti másl. 2. mgr. 15. gr. falli brott.
3. Við 1. gr. Upphaf 16. gr. hljóði svo: Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að starfrækja útibú utan Reykjavíkur o. s. frv.
4. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1984.
5. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið falli brott.